

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið með samþykki allra stjórnarmanna að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða leggja sjóðinn niður enda samþykki það 75% fundarmanna á lögmætum aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra.

Fari svo að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans varið með þeim hætti, sem boðið er í 5. gr.

Leita skal heimildar dómsmálaráðuneytisins til breytinga á skipulagsskrá þessari.

9. gr.

Sjóðurinn er stofnaður skv. lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19 frá 1988.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. desember 1990.

F.h. Karlakórsins Fóstbræðra,
Björn Þorsteinsson,
formaður.

F.h. Félags gamalla Fóstbræðra,
Kristinn Hallsson,
formaður.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1990:

Kjósarsýsla:

Ásar á hrossaræktarþýli í landi Reykjahvols, Mosfellsbæ.

Árnessýsla:

Bjarkarhöfði á garðyrkjubýli í landi Böðmóðsstaða, Laugardal.

Klettaborg á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Unnarholtskot III á nýbýli í landi Unnarholtskots, Hrunamannahreppi.

Gunnbjarnarholt á nýbýli í landi Sandlækjarkots, Gnúpverjahreppi.

Nátthagi á skógræktarþýli í landi Gljúfurs, Ölfushreppi.

Þingeyjarsýsla:

Einarsstaðir I á hluta Erlu I. Björnsdóttur í landi Einarsstaða, Reykdælahreppi.

Einarsstaðir II á hluta Einars V. Björnssonar í landi Einarsstaða, Reykdælahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Víðigerði II á smábýli í landi Víðigerðis, Hrafnagilshreppi.

Kríunes á sóttvarnarbýli í landi Hríseyjarhrepps, Hrísey.

Skagafjarðarsýsla:

Ytra-Skörðugil II á hrossaræktarþýli í landi Ytra-Skörðugils, Seyluhreppi.

Rangárvallasýsla:

Sumarliðabær III í landi Sumarliðabæjar I, Ásahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir skírteini um umferðar- og dvalarleyfi á svæði
Keflavíkurflugvallar.**

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 81/1990 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi gjaldskrá fyrir skírteini um umferðar- og dvalarleyfi á svæði Keflavíkurflugvallar:

Fyrir skírteini fyrir fastráðna starfsmenn skal greiða kr. 1 000,00, enda gildi þau í allt að 5 ár frá útgáfudegi.

Fyrir skírteini sem gilda í allt að 1 ár skal greiða kr. 500,00.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka þegar gildi.

Utánríkisráðuneytið, 31. desember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.